

Að lakka glugga, hurðir og húsgögn með vatnspynnanlegu pólýúretanlakki

Aðferð

Athugið að þar sem fituálag er mikið, s.s á eldhússkápum, hentar gljástig 40% eða 90% best.

Nýmálun

1. Þegar ómeðhöndlaður viður er málaður skal einangra kvisti með Original Kvistlack eða Schellack.
2. Grundið með Sikkens Rubbol BL Isoprimer eða Original Häftgrund.
3. Spartið eftir grunnun með Professional Snickerispackel. Slípið flötinn vel og þurrkið af ryk með límklút.
4. Grundið yfir spartið, t.d. með Sikkens Rubbol BL Isoprimer eða Original Häftgrund.
5. Málið loks tvær umferðir af Ambiance Superfinish Helmatt (5%), Ambiance Superfinish Halvblank (40%) eða Sikkens BL Azura (90%).
6. Þegar lakkað er með Sikkens BI Azura (90%) er mikilvægt að strjúka yfir flötinn með tusku vættri í sterkri blöndu af vatni og Málartvätt (1:1) áður en seinni umferð er lökkuð. Við þetta fæst gott flot og falleg lakkáferð.

Endurmálun

1. Fjarlægð fitu og óhreinindi af áður máluðum flötum með Original Málartvätt og vatni. Blandið Málartvätt með vatni í hlutfallinu 1:3. Berið blönduna á með svampi eða bursta. Látið blönduna liggja á fletinum í nokkrar mínútur og skrubbið af með blautri tusku eða bursta og vatni.
2. Gljáandi fleti skal slípa matta með sandpappír nr. 220-280 til að tryggja góða viðloðun og þurrka allt ryk með límklútum.
3. Grundið flötinn ef þörf er á með Original Häftgrund, Sikkens Rubbol BL Isoprimer eða Sikkens BL Primer.
4. Spartið flötinn ef þörf er á og grundið.
5. Málið tvær umferðir af Ambiance Superfinish Helmatt (5%), Ambiance Superfinish Halvblank (40%) eða Sikkens BL Azura (90%). Ef Original Häftgrund grunnur er valinn skal láta hann (og milliumferðir) þorna yfir nótt áður en lokallakkuferðin er borin á.
6. Þegar lakkað er með Sikkens BI Azura (90%) er mikilvægt að strjúka yfir flötinn með tusku vættri í sterkri blöndu af vatni og Málartvätt (1:1) áður en seinni umferð er lökkuð. Við þetta fæst gott flot og falleg lakkáferð.

**Nákvæmari upplýsingar um efnin má finna í tækniblöðum.*

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði.

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Gljástig lakks: Matt 5%, háfmatt 40% og háglans 90%

Þurrktími við 23°C/50% raka: Gegnumþurrt eftir 2 klst, yfirmálun möguleg eftir 6 klst

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningarsprautur

Þekja: 8-10 m²/l

Hreinsun: Sápuvatn